

Stjórn Nova Klúbbsins hf., kt. 620916-0560, Lágmúla 9, 108 Reykjavík („félagið“), gerir svofellda áætlun um kauprétt starfsmanna félagsins og dótturfélaga á hlutum í félaginu:

1 MARKMIÐ

- 1.1 Markmið kaupréttaráætlunar þessarar er að tengja hagsmuni starfsmanna félagsins við afkomu og langtímamarkmið félagsins og hluthafa þess.
- 1.2 Með samningum gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar gefst starfsmönnum félagsins og dótturfélaga þess kostur á að kaupa árlega á næstu þremur árum hluti í félaginu á fyrir fram skilgreindu verði.

2 KAUPRÉTTARHAFAFAR

- 2.1 Allir fastir starfsmenn félagsins og/eða dótturfélaga þess eiga rétt á að gera samning um kauprétt á hlutum í félaginu samkvæmt áætlun þessari. Þeir starfsmenn sem eru með ótímabundinn ráðningarsamning við félagið eða dótturfélag þess og hafa skuldbundið sig til starfa fyrir viðkomandi félag gegn launum úr hendi þess teljast fastir starfsmenn félagsins og/eða dótturfélags þess í skilningi þessarar áætlunar.
- 2.2 Réttur starfsmanns samkvæmt kaupréttarsamningi, sem fellur undir kaupréttaráætlunina, skal vera sá sami fyrir alla starfsmenn, óháð starfsaldri þeirra, starfsábyrgð eða hvaða launaflokki þeir tilheyra.
- 2.3 Starfsmenn sem ráðast til félagsins eftir gerð þessarar kaupréttaráætlunar skulu öðlast kauprétt frá þeim tíma sem þeir teljast fastir starfsmenn. Slíkur ávinningur hefst frá og með upphafi næsta rekstrarárs eftir að ráðningarsamband hófst, þar til áætlun þessi rennur skeið sitt á enda.
- 2.4 Kaupréttaráætlun þessi nær ekki til verktaka sem starfa fyrir félagið, starfsfólks sem er lausráðið eða stjórnarmanna félagsins.
- 2.5 Samningur um kauprétt verður gerður við hvern kaupréttarhafa á því formi sem stjórn ákveður hverju sinni.
- 2.6 Kaupréttaráætlun þessi verður kynnt mögulegum kaupréttarhöfum á fundi. Þeirri kynningu verður síðan fylgt eftir með boði um gerð kaupréttarsamnings.

3 RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 3.1 Hlutum keyptum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu.
- 3.2 Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar, verður kveðið á um að hið skemmsta tólf mánuðir skuli líða frá gerð kaupréttarsamnings og þar til kaupréttur er fyrst nýttur.

3.3 Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar, verður kveðið á um að kaupréttarhafi verði að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta, til þess að kaupréttarhafi geti nýtt skattalegar ívilnanir sem felast í áætlun þessari, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

3.4 Í kaupréttarsamningum gerðum á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar verður kveðið á um að kaupréttur sé ekki framseljanlegur og ekki er heimilt að veðsetja hann.

4 ÁVINNSLA KAUPRÉTTA

4.1 Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnst í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli áætlunar þessarar.

4.2 Á tímabilinu frá gerð kaupréttarsamnings og næstu 12 mánuði þaðan í frá ávinna starfsmenn sér rétt til kaupa á hlutafé í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 og verður miðað við kauprétt fyrir þá fjárhæð á næstu 12 mánuðum frá gerð kaupréttarsamnings (fyrsta kaupréttartímabilið).

4.3 Á næsta 12 mánaða tímabili frá lokum fyrsta kaupréttartímabilsins (annað kaupréttartímabilið) ávinnur starfsmaður sér rétt til kaupa á hlutafé í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 og á næsta 12 mánaða tímabili frá lokum annars kaupréttartímabilsins (þriðja kaupréttartímabilið) ávinnur starfsmaður sér rétt til kaupa á hlutafé í félaginu fyrir allt að kr. 500.000.

4.4 Þrátt fyrir ofangreint skal heimilt að semja við kaupréttahafa um að réttur verði fyrst nýtanlegur 36 mánuðum frá gerð kaupréttarsamnings.

4.5 Ávinnsla kaupréttar er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi fyrir félagið eða dótturfélag þess. Láti kaupréttarhafi af störfum hjá félaginu fyrir lok einstaks kaupréttartímabils, öðlast hann ekki frekari kauprétt og áunninn en ónýttur kaupréttur hans fellur niður. Áunninn kaupréttur fellur þó ekki niður ef kaupréttarhafa er sagt upp störfum án þess að uppsögnina megi rekja til vanefnda hans á ráðningarsamningi eða öðrum starfskyldum hans, starfslok bera að vegna aldurs, andláts kaupréttarhafa eða vegna þess að kaupréttarhafi verður óvinnufær sökum heilsubrests. Komi til starfsloka vegna heilsubrests eða aldurs hefur kaupréttarhafi rétt í 60 daga frá starfslokum til að innleysa áunninn kauprétt. Dánarbú kaupréttarhafa hefur rétt í 60 daga frá andláti til að innleysa áunninn kauprétt.

4.6 Hver starfsmaður getur að hámarki keypt hluti á grundvelli áætlunar þessarar fyrir kr. 500.000 á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. 7. töluliður 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og greinar 4.2 og 4.3.

5 KAUPVERÐ

5.1 Hlutabréf í félaginu hafa verið tekin til viðskipta í kauphöll. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttaráætlun þessari skal því ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings. Endanlegt kaupverð hluta, reiknað út í samræmi við framangreint, skal tilgreint í hverjum kaupréttarsamningi.

- 5.2 Greiði félagið arð (eða aðra samsvarandi úthlutun) til hluthafa eða verði hlutafé félagsins breytt vegna samruna eða með útgáfu jöfnunarhluta eða samsvarandi útgáfu hluta, þ.m.t. skiptingu hluta (e. stock split) áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttur breytast og kaupgengi aðlagað í samræmi við breytingar á hlutafé.
- 5.3 Nýti starfsmaður kauprétt sinn, skal kaupréttarverðið staðgreitt með reiðufé.

6 NÝTING OG AFHENDING HLUTA

- 6.1 Kaupréttarhavar skulu tilkynna um nýtingu kaupréttar hvers kaupréttartímabils innan 10 viðskiptadaga frá birtingu ársfjórðungsuppgjörs vegna þess ársfjórðungs þar sem viðkomandi kaupréttartímabili lauk, ár hvert. Skal stjórn þá í framhaldi tilkynningar afhenda hlutafé, gegn greiðslu kaupréttarverðsins.
- 6.2 Kaupréttarhafa er heimilt að fresta nýtingu sinni, í heild eða hluta, á fyrsta og/eða öðru nýtingartímabili til næsta nýtingartímabils eða þess þriðja. Að loknu þriðja nýtingartímabili falla allir ónýttir kaupréttir niður.
- 6.3 Sé rétthafi innherji í skilningi laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og þeirra reglugerða og tilskipana sem innleiddar eru á grundvelli laganna, þ.m.t. reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596/2014, er regluverði félagsins heimilt að hafna tilkynningu um nýtingu kaupréttar ef rétthafi hefur undir höndum innherjaupplýsingar, í skilningi framangreindra reglna, á því nýtingartímabili sem rétthafi óskar eftir að nýta kauprétt sinn. Ef rétthafi getur ekki nýtt kauprétt sinn á síðasta mögulega nýtingartímabili vegna innherjaupplýsinga innan félagsins getur stjórn félagsins framlengt heimild rétthafa til nýtingar samkvæmt kaupréttarsamningi sem gerður er á grundvelli áætlunar þessarar.

7 HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR ÁÆTLUNAR

- 7.1 Stjórn félagsins skal, ef ríkar ástæður mæla með því, vera heimilt að fella niður áætlun þessa í heild og gildir þá sama um öll réttindi og skyldur sem af henni má leiða. Heimild stjórnar skal virkjað í eftirtöldum tilvikum:
- (a) Vegna slita félagsins.
 - (b) Komi til fjárhagslegrar endurskipulagningar.
 - (c) Óski félagið eftir heimild til greiðslustöðvunar eða leiti nauðasamninga.
 - (d) Í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.

8 FYRIRVARI VEGNA AFHENDINGAR HLUTABRÉFA

- 8.1 Áætlun þessi, kaupréttarsamningar og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhöfum skulu ávallt vera bundnar því skilyrði að félagið geti afhent hlutabréf til að efna samninga.

9 STAÐFESTING SKATTSINS

- 9.1 Kaupréttaráætlun þessi verður borin undir Skattinn til staðfestingar, sbr. 8. töluliður 1. mgr.

10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, áður en henni verður hrundið í framkvæmd.

10 SAMÞYKKT ÁÆTLUNAR

- 10.1 Hluthafafundur félagsins hefur samþykkt gerð þessarar kaupréttaráætlunar á hluthafafundi þann 27. mars 2025 og stjórn félagsins samþykkti kaupréttaráætlun þessa á stjórnarfundi sem haldinn var þann 12. ágúst 2025, því til staðfestu undirritar stjórnarformaður kaupréttaráætlunina, fyrir hönd stjórnar með fullgildri rafrænni undirritun.

Sigríður Olgeirsdóttir, stjórnarformaður

Fh. stjórnar Nova Klúbbsins hf.



**KAUPRÉTTARSAMNINGUR
UM HLUTI Í NOVA KLÚBBNUM HF.**



Kaupréttarsamningur þessi er dagsettur þann dag sem tilgreindur er á undirritunarsíðu. Um er ræða kaupréttarsamning um [●] hluti í Nova Klúbbnum hf. sem er gerður:

Á MILLI

- (1) **Nova Klúbbsins hf.**, kt. 620916-0560, Lágmúla 9, 108 Reykjavík (hér eftir nefnt „félagið“ eða „Nova“); og
- (2) [Nafn starfsmanns og kennitala] (hér eftir nefndur „kaupréttarhafi“);
sameiginlega einnig nefndir „aðilar“.

INNGANGUR:

- A. Félagið hefur ákveðið að veita kaupréttarhafa kauprétt að hlutum í félaginu (hér eftir einnig nefndir „hlutirnir“) með þeim skilmálum sem kveðið er á um í þessum samningi.
- B. Kaupréttarsamningur þessi er til samræmis við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („lög um tekjuskatt“) og kaupréttaráætlun Nova sem samþykkt var á hluthafafundi félagsins 27. mars sl. og á stjórnarfundum sem haldinn var þann 12. ágúst 2025 og hefur verið staðfest af Skattinum.

1 KAUPRÉTTUR KAUPRÉTTARHAFA

- 1.1. Kaupréttarhafa er samkvæmt samningi þessum veittur kaupréttur að hlutum í Nova, með þeim skilmálum og skilyrðum sem fram koma í samningi þessum og á því kaupverði sem fram kemur í grein 4.1 („kaupgengi“).
- 1.2. Kaupréttarhafi skal eiga kauprétt á hlutum í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 á hverju ávinnslutímabili eins og nánar skilgreint hér að neðan og samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í samningi þessum.
- 1.3. Engin skylda hvílir á kaupréttarhafa að nýta kauprétt sinn.
- 1.4. Kauprétturinn er ekki framseljanlegur af hálfu kaupréttarhafa og er kaupréttarhafa óheimilt að veðsetja réttindi sín samkvæmt samningi þessum.
- 1.5. Félagið skuldbindur sig til þess að selja eða afhenda kaupréttarhafa hlutina með þeim skilmálum sem kveðið er á um í þessum samningi. Hlutunum munu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu.

2 KAUPRÉTTARTÍMABIL OG SKIPTING KAUPRÉTTAR Á MILLI TÍMABILA

Ávinnslutími kaupréttarins er 3 ár frá úthlutunardegi kaupréttar, sem er sami dagur og kaupréttarsamningur þessi er undirritaður („úthlutunardagur“) og ávinnur kaupréttarhafi 1/3 hluta kaupréttarins í hvert sinn þegar 12, 24 og 36 mánuðir eru liðnir frá úthlutunardegi („ávinnslutímabil“). Kaupréttarhafi ávinnur þannig rétt til að kaupa hlutfé í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 á hverju ávinnslutímabili að því gefnu að kaupréttarhafi sé starfsmaður félagsins eða dótturfélags á ávinnslutímabilinu.

3 NÝTING KAUPRÉTTAR

- 3.1 Kaupréttarhafi getur að hámarki keypt hluti á grundvelli samnings þessa fyrir kr. 500.000 á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. 7. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- 3.2 Heimilt er að nýta kauprétt samkvæmt samningi þessum í 10 virka daga frá birtingu ársfjórðungsuppgjörs vegna þess ársfjórðungs þar sem viðkomandi kaupréttartímabili lauk, ár hvert („nýtingartímabil“).
- 3.3 Kaupréttarhafi er heimilt að fresta nýtingu sinni, í heild eða hluta, á fyrsta og/eða öðru nýtingartímabili til næsta nýtingartímabils eða þess þriðja. Að loknu þriðja nýtingartímabili falla allir ónýttir kaupréttir niður.
- 3.4 Þrátt fyrir framangreint skal félaginu heimilt að semja við kaupréttahafa um að réttur verði fyrst nýtanlegur 36 mánuðum frá gerð kaupréttarsamnings.
- 3.5 Kaupréttarhafi skal nýta áunninn kauprétt með því að senda tilkynningu („nýtingartilkynningu“) sem skal að lágmarki innihalda:
 - a) Dagsetningu tilkynningarinnar.
 - b) Yfirlýsingu kaupréttarhafa um að hann vilji nýta kaupréttinn.
 - c) Nákvæma tilgreiningu á hversu marga hluti kaupréttarhafi vilji nýta.
- 3.6 Nýtingartilkynning skal vera skrifleg og annað hvort vera afhent persónulega eða send með tölvupósti á netfangið [•].
- 3.7 Kaupréttarhafi skuldbindur sig við meðferð og nýtingu kaupréttar til að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum, þ.m.t. innri reglum Nova, sem gilda um viðskipti með hlutabréf sem skráð hafa verið á skipulegum markaði, þ.m.t. reglur sem gilda um viðskipti innherja.
- 3.8 Ef kaupréttarhafi er óheimilt eða ókleift að nýta kauprétt innan nýtingartímabils, m.a. vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem veitir ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 um markaðssvik lagagildi á Íslandi, getur stjórn félagsins framlengt heimild kaupréttarhafa til nýtingar samkvæmt samningi þessum.

4 KAUPVERÐ, FRAMKVÆMD GREIÐSLU OG AFHENDING HLUTA TIL KAUPRÉTTARHAFA

- 4.1 Ákveði kaupréttarhafi að nýta kauprétt sinn skal hann greiða fyrir hlutina samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$K = H \times G$$

þar sem;

K er kaupverð sem greitt er við nýtingu kaupréttar;

H er fjöldi hluta sem er keyptur samkvæmt kaupréttarsamningnum; og

G er kaupgengi, sem skal vera eftirfarandi (og verður reiknað út af hálfu Nova):

- Kaupgengi er [•] kr. fyrir hvern hlut (sem er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf Nova gengis hluta í Nova síðustu 10 heila viðskiptadaga fyrir undirritun kaupréttarsamnings þessa).
- 4.2 Eigi síðar en tíu (10) virkum dögum eftir að kaupréttarhafi hefur tilkynnt félaginu um nýtingu kaupréttar skal eftirfarandi vera framkvæmt af aðilum kaupréttarsamningsins:
- a) Kaupréttarhafi skal greiða kaupverðið á þeim degi og inn á þann bankareikning sem félagið tilgreinir („uppgjörsdagur“).
 - b) Þegar greiðsla hefur borist á uppgjörsdegi skal félagið afhenda kaupréttarhafa útreiknaðan fjölda hluta samkvæmt [greinum 4.1 eða 4.3, eftir því sem við á,] inná vörslureikning (VS – reikning) samkvæmt fyrirmælum kaupréttarhafa.
- 4.3 Greiði félagið arð eða úthluti eignum félagsins til hluthafa félagsins með samsvarandi hætti, áður en kaupréttur er nýttur, skal kaupgengi vegna kaupréttar sem ekki hefur verið nýttur aðlagður til samræmis, þannig að kaupgengi jafngildi því sem hefði verið fyrir arðgreiðslu (eða aðra úthlutun), með því að frá kaupgengi er dregin arðgreiðsla (eða önnur úthlutun) fyrir hvern útgefinn hlut í félaginu, króna fyrir krónu.
- 4.4 Skuldbinding Nova um afhendingu hluta samkvæmt grein 4.2 b) er bundin því skilyrði að félagið eigi hluti til að efna samninginn skv. efni sínu.

5 REGLUR VEGNA STARFSLOKA

- 5.1 Kaupréttur er háður því að kaupréttarhafi gegni störfum hjá félaginu eða dótturfélagi þess þegar viðkomandi ávinnslutímabili skv. 2. grein er lokið.
- 5.2 Láti kaupréttarhafi af störfum áður en sérhverju ávinnslutímabili er lokið (innan 12, 24 eða 36 mánaða frá úthlutunardegi) fellur kauprétturinn niður fyrir viðkomandi og síðari

ávinnslutímabil, sbr. þó grein 5.3, nema um annað sé samið við forstjóra félagsins, eða, í tilvikum þar sem forstjóri er kaupréttarhafi, við stjórn félagsins.

- 5.3 Þrátt fyrir starfslok kaupréttarhafa áður en nýtingartímabil hefst skal áunninn kaupréttur og nýting fara fram til samræmis við það sem fram kemur í 3. grein í eftirfarandi tilvikum:
- a) Ef kaupréttarhafi er sagt upp án þess að uppsögnina megi rekja til vanefnda hans á ráðningarsamningi eða starfsskyldum;
 - b) Ef kaupréttarhafi lætur af störfum aldurs;
 - c) Ef kaupréttarhafi lætur af störfum sökum heilsubrests, hvort sem heilsubrest megi rekja til veikinda eða slyss, enda sanni kaupréttarhafi slíka óvinnufærni.
 - d) Ef kaupréttarhafi fellur frá og færast þá réttur hans samkvæmt samningi þessum til dánarbús hans.
- 5.4 Komi til starfsloka vegna aldurs eða heilsubrests skv. b. og c. lið 5.3 hefur kaupréttarhafi rétt í 60 daga frá starfslokum til að innleysa áunninn kauprétt. Þá skal dánarbú kaupréttarhafa hafa 60 daga frá andláti til að innleysa áunninn kauprétt.
- 5.5 Láti kaupréttarhafi af störfum áður en nýtingartímabil hefst af öðrum ástæðum en þeim sem um er getið í grein 5.3 skal kaupréttarhafi tilkynna um nýtingu þess hluta kaupréttarins sem hefur áunnist við starfslok til samræmis við það sem fram kemur í 3. grein.
- 5.6 Þegar metið er hvenær kaupréttarhafi lét af störfum samkvæmt samningi þessum skal miða við þann dag sem hann hættir að sinna daglegum störfum og skiptir þá ekki máli hvort það er af eigin óskum eða samkvæmt ákvörðun félagsins, þótt laun eða önnur hlunnindi kunni að vera greidd í lengri tíma.

6 BREYTINGAR Á HLUTAFÉ

Verði hlutafé félagsins breytt með útgáfu jöfnunarhluta eða samsvarandi útgáfu hluta, þ.m.t. skiptingu hluta (e. *stock split*), áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttur breytast í hlutfalli við jöfnun eða samsvarandi útgáfu hlutafjár og kaupgengi aðlagð í samræmi við breytingar á hlutafé.

7 SKATTALEGAR SKYLDUR

- 7.1 Félagið eða dótturfélög þess bera ekki ábyrgð á skattalegum skyldum kaupréttarhafa vegna kaupréttarsamnings þessa, nema að því leyti sem skylt er samkvæmt lögum að halda eftir skattgreiðslum kaupréttarhafa til samræmis við lög svo sem vegna sölu á hlutum að hálfu kaupréttarhafa áður en tveggja (2) ára eignarhaldstíma er náð.

- 7.2 Kaupréttarhafa er skylt að eiga nýtta hluti í a.m.k. tvö ár hið skemmsta frá því að nýtingartilkynning er send til að njóta skattalegra ívilnana til samræmis við 10. gr. laga um tekjuskatt.
- 7.3 Til að koma í veg fyrir að félagið eignist kröfu á hendur kaupréttarhafa vegna nýtingar kaupréttarhafa á kauprétti samkvæmt samningi þessum ef hlutir verða seldir áður en tveggja (2) ára eignarhaldstíma er náð skal kaupréttarhafi, við nýtingu kaupréttar, afhenda félaginu greiðslu sem samsvarar þeim skatti sem hann á að standa skil á vegna kaupréttarins og mun félagið standa skil á tekjuskatti kaupréttarhafa. Ef félaginu verður gert að greiða meiri fjárhæð en sem því nemur af hálfu skattýfirvalda ber kaupréttarhafa að greiða félaginu sömu fjárhæð.
- 7.4 Kaupréttarhafi skal sjálfur telja fram og greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum við sölu á hlutum sem keyptir eru eða afhentir á grundvelli kaupréttarins, allt eins og við á lögum samkvæmt.
- 7.5 Þrátt fyrir að framangreindar tekjur séu skilgreindar sem launatekjur samkvæmt skattalögum leiðir það ekki til þess að kaupréttarhafi eigi samsvarandi rétt til framlags til lífeyrissjóðs eða orlofsrétt.

8 TRÚNAÐUR

- 8.1 Efni kaupréttarsamnings þessa skal vera trúnaðarmál milli aðila.
- 8.2 Skulu aðilar samnings þessa ekki veita upplýsingar um efni kaupréttarsamningsins nema lög, reglugerðir, reglur, úrlausnir dómstólar eða stjórnvalda mæli fyrir um það eða aðilar verða sammála um að veita upplýsingarnar.
- 8.3 Trúnaðarskylda samkvæmt þessari 8. grein kemur heldur ekki í veg fyrir að félagið veiti Nasdaq Iceland, Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands eða öðrum samsvarandi aðilum upplýsingar um kaupréttarsamning þennan eða efni hans.

9 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 9.1 Kaupréttarsamningur þessi og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhafa eru háðar því skilyrði að félagið geti afhent hlutabréf til að efna samninga.
- 9.2 Breytingar verða ekki gerðar á kaupréttarsamningi þessum án skriflegs samþykkis beggja aðila.
- 9.3 Kaupréttarsamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda eftir einu eintaki.

10 HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR RÉTTINDA OG SKYLDNA SAMKVÆMT KAUPRÉTTARSAMNINGNUM

10.1 Stjórn Nova er heimilt að fella niður réttindi og skyldur aðila samkvæmt kaupréttarsamningi þessum við eftirtalin tilvik, með einhliða tilkynningu til kaupréttarhafa:

- a) ef félaginu er slitið;
- b) ef félagið óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða ef félagið leitar nauðasamninga;
- c) ef til fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins kemur, annarrar en þeirrar sem tilgreind er í b) lið hér að framan; eða
- d) ef til koma önnur tilvik, þar sem ríkar ástæður mæla með því að réttindi og skyldur kaupréttarsamningsins séu felld niður.

11 ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA

11.1 Um kaupréttarsamning þennan gilda íslensk lög.

11.2 Aðilar eru sammála um að komi til ágreinings á milli þeirra um efni og efndir kaupréttarsamningsins skuli þeir leitast við að jafna allan ágreining með samkomulagi sín á milli.

11.3 Ef aðilar ná ekki saman um ágreiningsefni skal dómsmál um ágreininginn aðeins rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir kaupréttarsamning þennan í votta viðurvist.

--- undirritunarsíða fylgir ---



Gert þann [●] 2025

Undirritað fyrir hönd
NOVA KLÚBBSINS HF.

NAFN:
KT.

Undirritað af
Nafn kaupréttarhafa
